

ALMENNUR HLUTI

jákvæðni foreldrar
hugtök samskipti
samstarf reynsla
aðlögun stefna kennsla
viðhorf

- Hversu margir nemendur með íslensku sem annað tungumál stunda nám við skólann?**
- Hvaða hugtök eru oftast notuð í skólanum til að aðgreina þennan hóp?**
 - a) Nýbúi b) Útlendingur c) Nemandi af erlendum uppruna d) Nemandi af erlendu bergi brotinn e) Nemandi sem kemur mállaus inn í skólann f) Nemandi með annað móðurmál en íslensku g) Nemandi með íslensku sem annað tungumál h) Innflytjandi i) Tvítýngdur nemandi j) Annað
- Hversu mikla reynslu hefur skólinn af móttöku og kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál?**
 - a) Enga reynslu
 - b) 1-3 ára reynslu
 - c) 4-6 ára reynslu
 - d) 7-9 ára reynslu
 - e) 10 ára reynslu eða meira
- Hvernig finnst þér skólinn hafa staðið sig í móttöku nemenda sem hafa íslensku sem annað tungumál?**
 - a) Mjög vel b) Frekar vel c) Hvorki vel né illa d) Frekar illa e) Mjög illa
- Hvernig finnst þér skólinn hafa staðið sig við að stuðla að gagnkvæmri félagslegri aðlögun nemenda sem hafa íslensku sem annað tungumál og nemendanna sem fyrir eru?**
 - a) Mjög vel b) Frekar vel c) Hvorki vel né illa d) Frekar illa e) Mjög illa
- Hvernig finnst þér skólinn hafa staðið sig í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál?**
 - a) Mjög vel b) Frekar vel c) Hvorki vel né illa d) Frekar illa e) Mjög illa
- Ef merkt var við Hvorki vel né illa, Frekar illa eða Mjög illa hverjar eru mikilvægustu ástæður þess?**
 - a) Skólinn hefur ekki markað sér stefnu um málefni nemenda með íslensku sem annað tungumál.
 - b) Of litlu fé er veitt í skólann vegna þessara nemenda.
 - c) Nemendurnir fá ekki næga aðstoð.
 - d) Það vantar kennara sem kunna til verka.

- e) Það vantar rými innan skólans til kennslunnar.
- f) Nemendur fá ekki nógu marga tíma í íslensku sem öðru tungumáli.
- g) Of mörgum nemendum með íslensku sem annað tungumál er kennt saman.
- h) Nemendur með íslensku sem annað tungumál fá ekki aðstoð við heimanám.
- i) Vinnan með nemendum er ekki nægilega markviss.
- j) Of margir kennarar koma að þessari kennslu.
- k) Of fáir kennarar koma að þessari kennslu
- l) Það er ekki nógu mikið samstarf á milli kennaranna sem kenna þessum nemendum.
- m) Oft er óskýrt hver ber ábyrgð á viðkomandi nemanda.
- n) Lítið sem ekkert samstarf er haft við foreldra nemenda með íslensku sem annað tungumál.
- o) Kennarar eru ragir við að eiga samskipti við foreldra sem tala ekki íslensku.
- p) Það er erfitt fyrir kennara að aðlaga námsefnið fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál.
- q) Sumum kennurum finnst vinnan sem fylgir kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál íþyngjandi.
- r) Viðhorf einstakra kennara og annars starfsfólks er stundum ekki nógu jákvætt í garð þessara nemenda.
- s) Kennarar hafa ekki nægan tíma til að sinna þessum nemendum sérstaklega.
- u) Annað